

# Samningur

## mennta- og menningarmálaráðuneytis við Listaháskóla Íslands um kvikmyndanám

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt *ráðuneytið*, og Listaháskóli Íslands ses., kt. 421098-4099, í samningi þessum nefndur *LHÍ*, gera með sér svofelldan samning.

### 1. Markmið og starfsemi/verkefni

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Hrinda í framkvæmd aðgerð 5c í kvikmyndastefnu 2030 um kvikmyndanám á háskólastigi. Aðgerð 5c er svohljóðandi: „Mikilvægur liður í því að auka framgang kvikmyndagerðar á Íslandi er að koma upp háskólanámi á því sviði, til jafns við það sem er í boði á öðrum sviðum lista, eins fljótt og auðið er. Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að kvikmyndanámi á BA-stigi með möguleika á að þróa námið upp á meistarastig.“
- Tryggja framgang stefnu sbr. fjármálaáætlun 2021-2025 á málefnasviði 21 – Háskólastig í málaflokki 21.1 – Háskólar og rannsóknastarfsemi.

1.2. Starfsemi/verkefni:

- LHÍ veiti nemendum og kennurum nauðsynlega þjónustu og aðbúnað sem almennt tíðkast vegna náms í kvikmyndagerð á eftirfarandi námsbrautum:
  - leikstjórn til BA gráðu (180 ECTS),
  - handritsgerð til BA gráðu (180 ECTS),
  - framleiðsla til BA gráðu (180 ECTS),
  - kvikmyndataka til BA gráðu (180 ECTS),
  - klipping til BA gráðu (180 ECTS).
- Háskólinn vinni að uppbyggingu þekkingar á framangreindum sviðum og stuðli að virkri miðlun rannsókna til samfélagsins. Í því felst að akademískir starfsmenn háskólans leggja stund á rannsóknir og nýsköpun í listum og skapandi greinum með áherslu á samstarf og tengsl við lista – og menningarlíf.
- Miðað er við að fjöldi nemenda í kvikmyndagerð sé allt að 40 ársnemar (einstaklingar).

1.3. Réttindi og skyldur nemenda

- LHÍ skal hafa á vefsíðu sinni greinargóðar upplýsingar um réttindi og skyldur nemenda, þar á meðal leiðbeiningar um málskotsrétt þeirra, gjaldtökureglur, fyrirkomulag náms, kennsluskrá og próftökureglur.
- Innritun nemenda er á ábyrgð LHÍ sbr. VII. kafla laga um háskóla.
- LHÍ taki þátt í að samræma umsóknarferli með öðrum háskólum og ráðuneytinu.
- LHÍ haldi rafrænt nemendabókhald sem getur látið miðlægu kerfi í té upplýsingar um nemendur háskólans svo sem skráningu þeirra í námskeið og próftöku, eftir önnur.
- Innheimti LHÍ gjald af nemendum vegna þjónustu sem samningur þessi fjallar um skal ástæða gjaldtöku útskýrð og birt ásamt gjaldskrá á áberandi stað á vef skólans. Hækki LHÍ gjöld umfram verðlagshækkun eða leggi á ný gjöld kynnir skólinn nemendum slíkar breytingar með góðum fyrirvara og útskýrir ástæður hækkunar.

MA  
fin

## 2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og 1. mgr. 21. gr. laga um háskóla nr. 63/2006.
- 2.2. LHÍ skal starfa í samræmi við lög um háskóla nr. 63/2006, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem ráðuneytið gefur út á grundvelli þeirra.
- 2.3. LHÍ skal hafa viðurkenningu skv. 3. gr. laga um háskóla nr. 63/2006.
- 2.4. LHÍ starfi samkvæmt skipulagsskrá samþykktri 21. september 1998 sem ráðuneytið hefur fallist á sem eina af forsendum samnings þessa.
- 2.5. LHÍ skal starfa í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga við um starfsemi hans. Þar á meðal lög og reglugerðir um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins, eftir því sem við á.
- 2.6. Aðilar þessa samnings gera með sér samkomulag til að útfæra nánar áherslur og sameiginleg markmið skv. c- lið 2. mgr. 21. gr. laga um háskóla. Telst samkomulagið vera hluti af samningi þessum og er miðað við að það sé endurskoðað árlega.
- 2.7. LHÍ starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga við um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir gilda eftir því sem við á:
  - Lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
  - Lög um háskóla nr. 63/2006.
  - Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
  - Upplýsingalög nr. 140/2012.
  - Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
  - Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016.
  - Samkeppnislög nr. 44/2005.
  - Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
  - Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

## 3. Framlag

- 3.1. Heildarskuldbinding samningsins er allt að 601,3 m.kr. Þar af er sérstakt stofnkostnaðarframlag vegna tækjabúnaðar og aðstöðu að upphæð 106,4 m.kr. sem greiðist á árunum 2021 og 2022. Framlag vegna kennslu, rannsókna, húsnæðis og annarra þátta samtals að fjárhæð 494,9 m.kr. skipist með eftirfarandi hætti niður á gildistíma samnings þessa eftir árum.

- 2022 allt að 35,4 m.kr.
- 2023 allt að 106 m.kr.
- 2024 allt að 141,4 m.kr.
- 2025 allt að 141,4 m.kr.
- 2026 allt að 70,7 m.kr.

- 3.2. Framlag ríkisins samkvæmt samningi þessum tekur breytingum vegna almennrar launa- og verðlagsþróunar eins og hjá öðrum háskólum í fjárlögum hvers árs.
- 3.3. Tillögur ráðuneytisins við undirbúning fjárlaga um árlegt rekstrarframlag til samningsins byggja á reglum sem ráðherra setur skv. 1. mgr. 22. gr. laga um háskóla. Sömu viðmiðanir verða notaðar við tillögugerð vegna samnings þessa og vegna háskóla almennt, en að öðru leyti byggjast fjárlagatillögur meðal annars á eftirfarandi forsendum:

Handwritten initials: "HVA" and "HVA" in blue ink.

- Miðað verður að hámarki við 40 ársnemendur.
  - Framlagi sem tekur mið af fjölda brautskráðra nemenda.
  - Framlagi til rannsókna og annarra verkefna.
- 3.4. Framlag í samningi þessum kemur frá málaflokki 21.1 – Háskólar og rannsóknastarfsemi og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 21 – Háskólastig, sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 3.5. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á LHÍ ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 21.1 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem fellur undir málaflokk 21.1 og hjá LHÍ.
- 3.6. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.7. Framlagið er greitt með mánaðarlegu framlagi.

#### 4. Ábyrgð LHÍ

- 4.1. LHÍ ber ábyrgð á að þjónusta við nemendur sé fagleg og fullnægi kröfum um gæði og sé í samræmi við lög. Hann skal geta lagt fram gögn og skýrslur um innra mat, skv. 12. gr. laga um háskóla, því til staðfestingar.
- 4.2. LHÍ ber ábyrgð á úrlausn mála gagnvart nemendum, starfsmönnum sínum, birgjum og ráðuneytinu.
- 4.3. LHÍ á rétt á að kaupa þjónustu af verktökum vegna afmarkaðra þátta í rekstri skólans, en slík kaup leysa hann þó ekki undan ábyrgð á framkvæmd samningsins. Skal ekki gera minni kröfur til verktaka en gerðar eru til skólans í samningi þessum.
- 4.4. LHÍ ber að gæta þess að útgjöld séu í samræmi við tekjur og gæta ráðdeildar í rekstri. Framlagi ríkisins er einvörðungu heimilt að verja til þeirrar þjónustu sem samningur þessi nær til og rekstrarafgangi til uppbyggingar á þeirri starfsemi.
- 4.5. LHÍ er óheimilt að:
- efna til óvenjulegra ráðstafana í fjármálum eða skuldbindinga sem verulegar líkur eru á að stofni framkvæmd samningsins í hættu eða bitni á námi og nemendum sem samningurinn tekur til
  - veita lán sem tengjast rekstri háskólans
  - framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila
  - framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.
- 4.6. LHÍ er tilbúinn til að leggja fram áætlun, þegar eftir verður kallað, um með hvaða hætti skólinn hyggst bregðast við atburðum sem hann ræður ekki við en leitt geta til þess að rekstur hans stöðvast.
- 4.7. Auk lögboðinna trygginga kaupi LHÍ frá upphafi samnings aðrar nauðsynlegar skaðabóta- og váttryggingar vegna rekstrarins þar á meðal vegna tjóns, sem veldur því að rekstur hans stöðvast.

#### 5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

5.2. LHÍ skilar ráðuneytinu:

- Áætlun um rekstur ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok febrúar ár hvert.
- Hálfis árs uppgjör fyrir lok mars ár hvert.

now  
fin

- Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok október ár hvert.
- 5.3. LHÍ lætur ráðuneytinu í té upplýsingar um próftöku og annað sem uppgjör verður byggt á. Skal þetta gert svo fljótt sem verða má eftir lok fjárlagaársins og getur ráðuneytið ákveðið skiladaga.
- 5.4. Leiði uppgjör í ljós að LHÍ hafi verið ofgreitt framlag endurgreiðir hann umframframlagið innan tveggja mánaða frá uppgjöri, en þó eigi síðar en í júní ár hvert og er miðað við að dreifa því á þrjá næstu mánuði, nema skólinn semji um annað við ráðuneytið. Ráðuneytinu er heimilt að draga ofgreitt framlag frá fjárveitingu á uppgjörssárinu.
- 5.5. LHÍ á ekki rétt á hærra framlagi en kveðið er á um í samningi þessum, þótt raunfjöldi ársnemenda sé umfram 40, nema um það hafi verið gert sérstakt skriflegt samkomulag í tengslum við innritun nemenda.
- 5.6. Eigi LHÍ í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 5.7. Fulltrúar ráðuneytis og LHÍ funda að lágmarki árlega um samninginn að frumkvæði ráðuneytisins.
- 5.8. Fyrir lok febrúar ár hvert skilar LHÍ ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.9. LHÍ veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 5.10. Samning þennan, ársreikning LHÍ, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef LHÍ jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.11. LHÍ setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir samningsins, svo sem skýrslur, fræðsluefni og leiðbeiningar.

## 6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. LHÍ tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum, draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli LHÍ ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 7. Bókhald og fjárreiður


- 7.1. Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi LHÍ vegna samnings þessa aðgreindu frá öðrum fjárreiðum, bókhaldi og eignum LHÍ.
- 7.2. Að því leyti sem LHÍ fæst við önnur verkefni en felast í framkvæmd þjónustusamnings þessa skal gera grein fyrir fjárreiðum þeirra í ársreikningi LHÍ.

for  
fin


**8. Gildistími og lok samnings**

- 8.1. Samningurinn gildir frá 01.09.2021 til 30.06.2026.
- 8.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 8.3. Hálfu ári áður en samningi lýkur mun ráðuneytið framkvæma úttekt á framkvæmd hans sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 643/2018.
- 8.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 8.5. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og fjármála- og efnahagsráðuneyti einu.


Reykjanesbæ, 10. ágúst 2021



Lilja D. Alfreðsdóttir  
mennta- og menningarmálaráðherra



Fríða Björk Ingvarsdóttir  
rektor Listaháskóla Íslands



Þyami Ruedel  
Fjármála- og efnahagsráðherra  
Samningur staðfestur  
skv. 1. m.gr. 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015